NT
Föstudagur 8. febrúar 1985 – 37. tbl. 69. árg.

Háskólinn með útvarpsrekstur?
– sjá bls. 2

Yngsti bæjarstjóri á landinu
– sjá bls. 4

Ítalía: Fjölbýlishús hrundi – 18 dóu
– sjá bls. 21

Nesjavellir:

430 milljónir til rannsókna á kjörtímabilinu

■ **Rannsóknir og framkvæmdir vegna byggingar hitaveitu á Nesjavöllum hafa kostað Reykjavíkurborg 207 milljónir fram að síðustu áramótum og á þessu ári er áætlað að verja 220 milljónum í rannsóknir. Það hefur því verið veitt um 430 milljónum króna í Nesjavelli án þess að úrskurðað hafi verið hvort hagkvæmt er að virkja.**

Þetta kom fram í máli Sigurjóns Péturssonar fulltrúa Alþýðubandalagsins á borgarstjórnarfundi í gær. Hann sagðist vona að í ljós kæmi að hagkvæmt væri að virkja, því annars hefði þessum peningum verið kastað á glæ. Benti hann á, að á Nesjavöllum væri nú verið að bora vinnsluholur, en ekki tilraunaholur. Fór hann fram á, að mál þessi yrðu tekin til meðferðar í borgarstjórn á næstunni og ákvarðanir teknar.

Sigurjón benti á í ræðu sinni, að á kjörtímabili núverandi meirihluta hefðu taxtar Hitaveitu Reykjavíkur hækkað um 355% á meðan laun hefðu aðeins hækkað um 135%.

Borgarstjórn:

Lokaumræða fjárhagsáætlunar

■ **Meðal breytingartillagna borgarstjórnarmeirihlutans, á fundi borgarstjórnar í gærkvöld þar sem fjárhagsáætlun borgarinnar var til seinni umræðu, var 10 milljón króna fjárveiting til undirbúnings 200 ára afmælishátíðar borgarinnar 1986. Þá var gert ráð fyrir 12,5 milljón króna hækkun á framlagi Hústrygginga Reykjavíkur, til brunavarna.**

Miklar umræður urðu á fundi borgarstjórnar. Er NT fór í prentun var atkvæðagreiðsla á endanlega fjárhagsáætlun borgarinnar ekki lokið, en líklegt þótti að upphaflegt frumvarp yrði samþykkt með breytingartillögum meirihlutans.

Framlaginu til afmælishátíðarinnar verður varið til þróunar- og skipulagssýningar, hreinsunarátaks í borginni og til hönnunar á afmælismerki borgarinnar.

Efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar að fæðast


– jafnvel kynntar í dag

■ **Fjögurra manna nefnd stjórnarflokkanna vinnur nú að því að leggja síðustu hönd á frumvarp um byggðastofnun, sem komi í stað Byggðasjóðs. Reiknað er með að frumvarpið verði lagt fram innan skamms. Byggðastofnun verður ætlað að einbeita sér að raunhæfum byggðaverkefnum, en vera ekki lánasjóður til atvinnulífs í öllum byggðalögum eins og Byggðasjóður er nú.**

Þá eru í vinnslu tillögur um að steypa saman sjóðum í sjávarútvegi.

Ráðherranefnd stjórnarflokkanna fundaði í gær um efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar og er jafnvel búist við að þær verði gerðar heyrum kunnar í dag. Sjálfstæðismenn samþykktu tillögurnar með nokkrum skilyrðum í fyrrakvöld, en áður hafði Steingrímur fengið fullt umboð frá þingflokki Framsóknarflokksins. Efnahagstillögurnar eru ekki samfelldur lagabálkur heldur snúast þær einkum um að nýta þær lagaheimildir og þau stjórntæki sem þegar eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir breytingu á vægi ýmissa skatta og stórhert eftirlit með skattsvikum, auknum sparnaði og aðhaldi í ríkiskerfinu og í þeim felast hugmyndir í kjaramálum sem ræddar verða við samtök aðila vinnumarkaðarins. Þá felast í tillögunum hugmyndir til lausnar vanda þeirra sem eru að drukkna í húsbyggingarskuldum t.d. að taka fé af nýbyggingarlánum til endurlána til þeirra og lengingu lána. Þá er gert ráð fyrir því að í samráði við bankakerfið verði vísitölubindingu aflétt af lánum til skemmri tíma.

Það er einkenni á þessum tillögum í efnahagsmálum að línur eru lagðar en breytingar felast lítt í lagaboðum, eins og var t.d. í maí 1983 er stjórnin var nýtekin við.



■ **Sveinn Björnsson listmálari lætur ekki efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar né aðra veraldlega atburði raska stóískri ró sinni. Sveinn sýnir nú málverk í vestursal Kjarvalsstaða og stendur sýning hans til 17. febrúar.** NT-mynd: Ari

Hveragerði:

Brotist inn í Kaupfélagið

■ Brotist var inn í Kaupfélagsútibú KÁ í Hveragerði aðfaranótt miðvikudags og þaðan stolið um 100 kartonum af vindlingum og einhverju magni vindla. Að sögn Selfosslögreglu var plokkaður upp hleri í hurðaropi á húsinu bakatil og farið þar inn. Ekki er talið að neinu fleiru hafi verið stolið en málið er óupplýst.

BÚR skuldar milljarð:

ÚTSALA Á TOGARA

– segja fulltrúar minnihlutans um söluna á Ingólfi Arnarsyni

■ **Útsala á togara, sögðu fulltrúar minnihlutans í snörpum umræðum á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í gær, þegar meirihlutinn samþykkti sölu á togaranum Ingólfi Arnarsyni. Söluverðið er 77 milljónir króna, en minnihlutamenn bentu á, að tryggingarupphæð togarans væri 81,2 milljónir.**

Fulltrúar meirihlutans sögðu, að sala Ingólfs Arnarsonar væri liður í að styrkja stöðu BÚR, en í máli borgarstjóra kom fram, að skuldir fyrirtækisins eru nú einn milljarður.

Það kom fram hjá fulltrúum minnihlutans, að þeir telja ólýðræðislega að sölunni staðið, þar sem þeir hefðu ekki fengið að vita um hana fyrr en samningur þar um hafði verið gerður, og skipið ekki auglýst til sölu. Þá fullyrtu þeir, að sala togarans myndi leiða til samdráttar í vinnu landverkafólks vegna skerðingar á aflakvóta.

Borgarstjóri sagði, að ekki stæði til að selja fleiri togara BÚR og fyrirtækið gæti staðið undir eðlilegri vinnu með sjósókn fjögurra togara.

Bjórinn gæti skilað um milljarð í kassann
– sjá bls. 3

Öxnadalsheiði:

Stór bíll veltur

■ **Dráttarbíll með tengivagni valt á Öxnadalsheiði í gærdag. Engin slys urðu á ökumanni sem var einn á ferð en talsverðar skemmdir urðu á bílnum.**

Skýrsla hafði enn ekki borist um atburðinn í gærkvöldi en að sögn Akureyrarlögreglu er talið að ökumaðurinn hafi þurft að fara út úr bifreiðinni vegna bilunar og hann þá rúllað af stað með fyrrgreindum afleiðingum. Mjög bratt er þar sem atburðurinn átti sér stað og hátt niður af vegkanti.